



Lögfræðistofa Reykjavíkur

Virðisauki á þjónustu milli landa og helstu skattalagabreytingar sem eru í farvatninu

Félag Viðurkenndra bókara 2025

Vala Valtýsdóttir, lögmaður





YFIRFERÐ

Virðisaukaskattur á þjónustu milli landa - B2B og B2C
Væntanlegar breytingar á skattalögum

Virðisaukaskattur á þjónustu milli landa



TILEFNI BREYTINGANNA

Í nóvember 2015 kynnti Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) til sögunnar alþjóðlegar leiðbeiningar um virðisaukaskatt

1. **Tilgangurinn** var að fyrirbyggja tvískattlagningu (e. double taxation) og jafnframt enga skattlagningu
2. **Markmið** reglnanna var að auki að fyrirbyggja samkeppnisröskun í milliríkjavíðskiptum og tryggja skilvirkni í innheimtu virðisaukaskatts vegna sölu á þjónustu milli landa. Hafði OECD mælt til þess að aðildarríkin tækju mið af leiðbeiningunum við innleiðingu löggjafar á sviði virðisaukaskatts vegna sölu á þjónustu milli landa.

FJARLÆGÐAREGLAN

Felur í sér að skattlagning í milliríkjaviðskiptum skuli eiga sér stað í lögsögu þess ríkis þar sem endanleg neysla og nýting þjónustunnar á sér stað. Reglan er einnig meginreglan í VSK tilskipun ESB

1. Þegar kaupandi þjónustu er **atvinnufyrirtæki (e. Business to Business, B2B)** er gert ráð fyrir að þjónusta teljist vera **nýtt og þar með skattlögð þar sem kaupandi hefur heimilisfesti eða fasta starfsstöð.**
 - » **Þetta á að tryggja hlutleysi í viðskiptum þar sem innflutt aðföng til reksturs (vara og þjónusta) eru þá skattlögð með sama hætti og innlend aðföng til rekstursins.**
2. Þegar kaupandi þjónustu er **ekki atvinnufyrirtæki (e. Business to Consumer, B2C)** er hins vegar gert ráð fyrir að þjónustan teljist **nýtt og þar með skattlögð þar sem seljandi hefur heimilisfesti eða fasta starfsstöð.**
 - » **Kaupandi er hinn endanlegi neytandi sem á að bera þann vsk. sem hann greiðir af aðkeyptum vörum og þjónustu. Veiting þjónustu og þar með nýting hennar er að jafnaði bundin við tiltekinn stað sem er venjulega sá staður þar sem seljandi er staðsettur.**

UNDANTEKNINGAR - FJARLÆGÐAREGLAN

Hvaða þjónusta fellur ekki undir fjarlægðaregluna – og af hverju

B2B = > þjónustan er þá skattlögð á öðrum stað en þar sem kaupandi hefur heimilisfesti eða fasta starfsstöð.

- » þjónusta sem svipar til þjónustu sem veitt er á staðnum í tilviki B2C, þ.e. þjónustu sem stendur jöfnum höndum bæði atvinnufyrirtækjum (e. –Business, B) og öðrum (e. –Consumer, C) til boða og **EKKI** er hægt að veita eða nýta þjónustuna **nema bæði seljandi og kaupandi séu að einhverju leyti viðstaddir og nýting þjónustunnar því bundin við tiltekinn stað.**
- » Samkvæmt tilskipun ESB gildir fjarlægðareglan **ekki um fasteignir, gistipjónustu, fólksflutninga og veitingaþjónustu, skammtímaleigu á farartækjum og þjónustu sem er tengd aðgangi að viðburðum**

HVAÐ ER ÞÁ ATVINNUFYRIRTÆKI

Greinargerð með lögum nr. 59/2018:

Undir hugtakið atvinnufyrirtæki í þessu sambandi falla bæði **virðisaukaskattsskyld fyrirtæki og fyrirtæki sem teldust undanþegin virðisaukaskatti væri starfsemi þeirra rekin hér á landi**, svo sem fjármálafyrirtæki, tryggingafélög o.fl.

Með atvinnufyrirtæki er átt við þau fyrirtæki sem **hafa með höndum atvinnurekstur**, þ.e. hafa með höndum svokallaða „atvinnustarfsemi“ (e. economic activity). Lagt er til að starfsemin **þurfi ekki jafnframt að vera rekin í hagnaðarskyni** þegar um er að ræða þjónustusölu á milli landa við mat á því hvort starfsemi aðila teljist vera atvinnurekstur eða ekki í skilningi ákvæðisins

HVAÐA ÞJÓNUSTA FELLUR UNDIR?

Til skattskyldrar veltu telst ekki samkvæmt lögum nr. 50/1988:

2. tölul. 1. mgr. 12. gr. Vskl.:

Sala á þjónustu til atvinnufyrirtækis sem hvorki hefur heimilisfesti hér á landi né stundar hér atvinnustarfsemi frá fastri starfsstöð.

Síðan er viss þjónusta sem fellur ekki undir undanþáguákvæði 1. málsl.

Er hér um að ræða þjónustu sem **stendur jöfnum höndum til boða bæði atvinnufyrirtækjum (Business, B) og öðrum (Consumer, C) og EKKI er hægt að veita eða nýta þjónustuna nema bæði seljandi og kaupandi séu að einhverju leyti viðstaddir og nýting þjónustunnar því bundin við tiltekinn stað.**

Þannig að nýtingin skiptir máli.

B2B UNÐANÞÁGUR FRÁ FJARLÆGÐARREGLU

- a) útleiga á fasteign í frjálsri skráningu (**hér á landi**)
- b) þjónusta sem varðar fasteignir, þ.m.t. fylgifé þeirra, eða mannvirki **hér á landi**.
- c) útleiga hótél- og gistiherbergja og útleiga tjaldstæða **hér á landi**
- d) aðgangur að vegamannvirkjum, (**hér á landi**)
- e) fólksflutningar inntir af hendi **hér á landi**
- f) aðgangur að menningar-, lista-, íþróttá-, vísinda-, menntunar- og skemmtiviðburðum - sýningum og ráðstefnum – **fer fram hér á landi**
- g) aðgangur að baðhúsum, baðstöðum, gufubaðsstofum og heilsulindum **hér á landi**, auk þjónustu sem tengist aðgangi að framangreindum viðburðum og stöðum,
- h) þjónusta í tengslum við framreiðslu á veitingum sem innt er af hendi **hér á landi**,
- i) útleiga ökutækja sem afhent eru leigutaka **hér á landi**,
- j) fjarskiptaþjónusta og útvarps- eða sjónvarpsþjónusta sem raunverulega er **nýtt hér á landi**, þjónusta ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda að því er varðar vöru og þjónustu, þ.m.t. fólksflutninga, sem er **nýtt hér á landi**.

B2C – SALA TIL ANNARRA EN ATVINNUFYRIRTÆKJA

Hvaða þjónusta er undanþegin og hvenær og af hverju?

Hér er horft til þess að kaupandi er hinn endanlegi neytandi sem á að bera þann virðisaukaskatt sem hann greiðir af aðkeyptum vörum og þjónustu

Meginatriði að

1. Kaupandi hafi **ekki heimilisfesti, lögheimili**, varanlega búsetu eða dveljist ekki að jafnaði hér á landi,
2. Raunveruleg **nýting þjónustunnar** á sér stað utan Íslands

En þá hvaða þjónusta er þetta?

- » Þjónusta sem veitt er **rafrænt, þ.e. þjónustu sem veitt er á netinu**
- » **Fjarskiptaþjónusta og útvarps- og sjónvarpsþjónusta**
- » **Framsali á höfundarétti**, rétti til einkaleyfis, vörumerkis og hönnunar, svo og framsali annarra sambærilegra réttinda,
- » **Auglýsingaþjónusta.**
- » **Sérfræðiþjónusta;** ráðgjafarþjónusta, verkfræðiþjónusta, lögfræðiþjónusta, þjónusta endurskoðenda sambærileg sérfræðiþjónusta, gagnavinnsla og upplýsingamiðlun,
- » **Þjónusta banka**, fjármálafyrirtækja og tryggingafélaga, annarri þjónustu en þeirri sem talin er **undanþegin virðisaukaskatti skv. 10. tölul. 3. mgr. 2. gr.**
- » **Atvinnumiðlun**
- » **Leiga lausafjármuna**, þó ekki neins konar flutningatækja,
- » **Kvaðir og skyldur** varðandi atvinnu- eða framleiðslustarfsemi eða hagnýtingu réttinda sem kveðið er á um í þessum tölulið.

FASTEIGNIR

Sérregla – skattskylda

Þjónusta sem varðar **fasteignir, þ.m.t. fylgifé þeirra, mannvirki eða lausafé hér á landi ávallt skattskyld hér á landi.**

Dæmi: Þjónusta um milligöngu um sölu, leigu og annars konar **afnot eða réttindi yfir fasteign, mannvirki eða lausafé**, sem og þjónusta sérfræðinga og annarra **sem tengist rekstri, hönnun, byggingu, viðhaldi, endurbótum og niðurrifi.**

FERÐAÞJÓNUSTA

Sérregla - undanþága

Þjónusta ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda

.....að því leyti sem hún varðar **fólksflutninga milli landa**. Sama gildir um **vöru eða þjónustu sem ferðamaður nýtir utan Íslands**.

ENDURGREIÐSLA VSK TIL ERLENDRA FYRIRTÆKJA

Endurgreiðsla til erlendra fyrirtækja

3. mgr. 43. gr. Vskl:

Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts sem erlend fyrirtæki hafa greitt hérlendis við kaup á vörum eða þjónustu [eða innflutning á vörum, þó ekki vörum og þjónustu til endursölu og endanlegrar neyslu hér á landi.

Reglugerð nr. 1243/2019:

Virðisaukaskattur sem beiðni tekur til sé **ekki vegna kaupa á vöru eða þjónustu sem ætluð er til endursölu og endanlegrar neyslu hér á landi**, s.s. kaup ferðaskrifstofu með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis á vöru eða þjónustu til endursölu og endanlegrar neyslu hér á landi.

Landsréttur Mál nr. 594/2023

Endurgreiðsla virðisaukaskatts til erlends aðila

- » **Héraðsdómur:** Þegar horft er til **óskýrleika í löggjöf, lögskýringargagna, minnisblaða og leiðbeininga skattyfirvaldaverður að líta svo á að stefnandi hafi í ljósi fyrri framkvæmdar mátt hafa réttmætar væntingar út frá lögmatís- og jafnræðisreglu** um að sömu sjónarmið yrðu lögð til grundvallar við afgreiðslu umsóknar hans og jafnframt mátt ganga út frá að staðið yrði að endurgreiðslu á virðisaukaskatti með sambærilegum hætti og gert hafði verið í fjölda umsókna sem áður höfðu verið afgreiddar.
- » Ákvæðið VAR svona.... „Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts sem erlend fyrirtæki hafa greitt héraðs við kaup á vörum eða þjónustu eða innflutning á vörum.. Eftir breytingu með lögum nr. 143/2018: var bætt við þessu: **[þó ekki vörum og þjónustu til endursölu og endanlegrar neyslu hér á landi]**.
- » Héraðsdómur féllst á kröfu stefnanda og synjun um endurgreiðslu verði ógild.

» **Landsréttur snéri úrskurði Héraðsdóms við**

Landsréttur Mál nr. 594/2023 frh

Endurgreiðsla virðisaukaskatts til erlends aðila

Niðurstaða Landsréttar:

- » Vulkan Reiser hefði ekki verið undanþegið skattskyldu skv. 4. gr. vskl.
- » Umrædd þjónusta hefði ekki verið undanþegin virðisaukaskatti skv. 3. mgr. 2. gr. vskl.
- » Fallist á þá málsástæðu í að V hafi borið skylda til að gæta að ákvæði 5. gr. laganna og óska eftir skráningu umræddrar starfsemi á vsk.skrá, eftir atvikum fyrir atbeina umboðsmanns á grundvelli 6. töluliðar 1. mgr. 3. gr. vskl.
- » Af því leiddi að V hefði ekki átt rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts á grundvelli þágildandi 3. mgr. 43. gr. vskl.

INNFLUTT ÞJÓNUSTA

Hvaða reglur gilda

Hlutleysisregla – skiptir ekki máli hvort þú kaupir þjónustuna hér eða erlendis frá

1. Aðilar sem stunda starfsemi sem er undanþegin vsk. skv. 3. mgr. 2. gr. **skulu greiða vsk. af þjónustu sem fellur undir skattskyldusvið laga þessara og keypt er til starfseminnar** eða eftir atvikum veitt til starfseminnar frá atvinnufyrirtæki með heimilisfesti erlendis, útibúi eða fastri starfsstöð erlendis.
2. VSK skyldir aðilar eru **ekki settir undir þetta** – hér á að gilda hlutleysi –
 - » Hins vegar gildir þessi undanþága **ekki um innflutt aðföng er varða bannreglur þ.e. þegar ekki er heimilt að telja vsk. til innskatts samkvæmt ákvæðum 16. gr.**

INNFLUTNINGUR Á ÞJÓNUSTU

Hvaða reglur gilda í virðisaukaskatti - greiðsluskylda?

Þeir sem ekki eru vsk. skyldir (einstaklingar sem undanþegnir aðilar) og kaupa þjónustu skv. d–j-lið 3. tölul.1. mgr. 12. gr. frá atvinnufyrirtæki með heimilisfesti erlendis, útibúi eða fastri starfsstöð erlendis

1. **Skulu greiða virðisaukaskatt** hér á landi af kaupum á slíkri þjónustu,
2. **Ef andvirði þeirra er 10.000 kr. án vsk.** eða meira á hverju uppgjörstímabili
3. **Hvaða þjónusta er þetta helst hjá einstaklingum? Fjarskipta og sjónvarpsþjónusta eða ýmis sérfræðþjónusta hjá óskráðum aðilum**
4. **Greiðsluskylda** og skil á RSK 10.24

Ólíklegt að einstaklingar skili þessu en mögulega fyrirtæki sem eru undanþegin vsk.

YSKN 2/2025

Sala rafrænnar þjónustu úr landi – sönnun fyrir undanþágu

Kærandi, ehf., sem er virðisaukaskattskyldur vegna þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatækni.

Varðar uppgjörstímabilið nóvember-deseember 2022.

RSK fór fram á að lögð yrðu fram hreyfingalistar útskatts og innskatts, yfirlit yfir færslur vegna undanþeginnar veltu ásamt skýringum, ljósrit af átta stærstu fylgiskjöllum sem lögju til grundvallar færslu innskatts og sölureikninga vegna undanþeginnar veltu á tímabilinu. allmargir innsendir sölureikningar að baki undanþeginni veltu bæru ekki með sér hver viðskiptaaðili væri, sbr. sölureikninga nr. 0110710 og 0110711 þar sem kaupandi væri tilgreindur „anonymous, nowhere 1, 51, Ísland“.

Kærandi: byði upp á nafnlausu vefhýsingu fyrir erlenda aðila og að félagið hýsti fjölda vefsíðna. Hluti viðskiptavina kæranda teldi sig vera í þannig aðstæðum að þeir **þyrftu að njóta nafnleysis.**

YSKN 2/2025, FRH

Svokölluð **fjarlægðarregla** gildi en hún feli það í sér að skattlagning í milliríkjaviðskiptum **skuli eiga sér stað í lögsögu þess ríkis þar sem endanleg neysla og nýting þjónustunnar eigi sér stað.**

- » Afhentir voru hreyfingalistar sem báru ekki með sér aðrar upplýsingar um kaupendur en IP-tölu í hverju tilviki fyrir sig. Mikill fjöldi sölureikninga og samkvæmt hreyfingalistanum er í öllum tilvikum greitt fyrir þjónustuna með sýndarfé (rafmynt), þ.e. Bitcoin og Monero

YSKN: Aðilar skulu haga bókhaldi og uppgjori þannig að skattyfirvöld geti jafnan **gengið úr skugga um réttmæti virðisaukaskattsskila**. Er ljóst að reikningarnir **uppfylla ekki skilyrði** 1. mgr. 20. gr. Vskl. Auk þess skal seljandi varðveita útflutningsskýrslu eða önnur sambærileg gögn með viðkomandi sölu-reikningum.

- » Þegar kaupandi þjónustu **tengist neti fyrir milligöngu miðlara (e. proxy), þá veita upplýsingar um IP-tölu í reynd engar vísbendingar um staðsetningu**. Virkni svonefndra VPN-nettenginga (e. Virtual Private Network) og aðgengileiki þeirra dragi verulega úr áreiðanleika upplýsinga um IP-tölur að því leyti sem slíkar upplýsingar séu nýttar til að staðreyna staðsetningu aðila.

- » **Kröfum kæranda hafnað**

Væntanlegar breytingar á skattalögum



FRV. 148 MÁL - STJÓRNARFRUMVARP

Skatterindi 3. mgr. 101. gr. Tsl og 29. gr. Vskl. Frávísanir

1. Lagðar eru til breytingar á 101. gr. Tsl. og 29. gr. A. Vskl. í kjölfar álita umboðsmanns Alþingis í málunum nr. F99/2021 og F83/2018. Í fyrra álitinu var komist að þeirri niðurstöðu að **synjun um endurupptöku máls á grundvelli 24. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, feli í sér stjórnvaldsákvörðun sem bindi enda á mál og sé því kæránleg.**
2. Því hafi leiðbeiningar um rétt til þess að fá **ákvörðanir endurskoðaðar á kærustigi ekki verið í samræmi við ákvæði stjórnarsýslulaga.** Í síðara álitinu var komist að þeirri niðurstöðu að 2. mgr. 101. gr. laga um tekjuskatt, **sé haldin meinbugum þar sem ekki sé unnt að kæra synjun RSK á beiðni skattaðila um breytingar á ákvörðun um skattstofn eða skattálagningu til YSKN.**
3. Til að tryggja málskotsrétt vegna synjunar ríkisskattstjóra um breytingu á fyrri ákvörðun, **án tillits til þess hvort mál hafi hlotið efnismeðferð eða ekki, er lagt til að ótvírætt verði að ákvörðun megi skjóta til yfirskattanefndar í stað ráðuneytis.**
4. Þannig að ef þetta fer í gegn er einnig hægt að kæra frávísun RSK.

FRV. 108 MÁL – ÓBIRT LÖG

Skattlagning leigutekna - langtímaleiga

Tillaga um frekari skilyrði fyrir skattlagningu í fjármagnstsk. og frádrætti 50% leigufjárhæðar

Ákvæði húsaleigulaga – skylda allra leigusala íbúðarhúsnæðis til skráningar á leigusamningum í húsnæðisgrunn HMS - ekki eingöngu þeirra sem í atvinnurekstri.

- » 1. mgr. 58. gr. a tsl. Tekjurnar stafi af útleigu íbúðarhúsnæðis sem fellur undir húsaleigulög og leigusamningur hafi verið skráður í leiguskrá húsnæðisgrunns HM
- » Falli frá því að maður sem telur leigutekjur fram í skattframtali eigi rétt á 50% frádrætti í álagningu

Ef leigusamningur ekki skráður í HMS þá verða leigutekjur skattlagðar sem atvinnurekstrartekjur

Tekur til allra leigusamninga sem í gildi eru 1. janúar 2026 eða komast á eftir það

FRV. 173 MÁL – STJÓRNARFRUMVARP

Söluhagnaður hlutabréfa í eigu erlendra aðila

- » Söluhagnaður hlutabréfa í innlendum hlutafélögum – ef seljendur eru lögaðilar eða menn sem ekki hafa haft skattalega heimilisfesti á Íslandi á síðastliðnum fimm árum fyrir sölu og eiga, beint og óbeint, minna en 25% af hlutafé félagsins.
- » Í samræmi við skiptingu skattlagningar í tvísköttunarsamningum – söluhagnaður skattlagður í heimilisfestisríki seljanda
- » Líka lögð til breyting á staðgreiðslulögum í samræmi

FRV. 173 MÁL – STJÓRNARFRUMVARP

Yfirfæranlegt rekstrartap án tímatakmarkana

- » Lagt til að yfirfæranlegt rekstrartap sé hægt að nýta án takmarkana.
- » Skattur eigi almennt að reiknast af heildartekjum að frádregnum heildarútgjöldum á líftíma atvinnurekstrarins
- » Í samræmi við reglur í nágrannalöndum.
- » Bráðbirgðaákvæði þar sem einungis er heimilt að nýta eftirstöðvar rekstrartapa sem mynduðust á rekstrarári sem lauk á rekstrarárinu 2025 eða fyrr í 10 ár talið frá og með því ári sem tap varð til

FRV. 173 MÁL – STJÓRNARFRUMVARP

Hagnaður af sölu erlendra aðila rekstrartap hlutdeildarskírteina í sjóðum hér á landi sem skráðir eru hjá Seðlabanka Íslands – verði undanþegnir skattskyldu

- » Undanþágan á aðeins við um þá sjóði sem heimilt er að markaðssetja fyrir almenna fjárfesta en þeir sjóðir eru starfsleyfis- og skráningarskyldir og skrá yfir þá er birt opinberlega.
- » Undanþágan á við um erlenda aðila, þ.e. aðila með skattalega heimilisfesti utan Íslands

TAKK FYRIR

